



STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM  
FYRST STOFNAD 1967

# Drífandi stéttarfélag

Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um lagafrumvörp um stjórn fiskveiða, mál 570.

Drífandi í Vestmannaeyjum er stéttarfélag fiskverkafólks, almenns verkafólks og ófaglærðra hjá ríkisstofnunum og Vestmannaeyjabæ. Við gerum nokkrar athugasemdir við frumvarpið og eru þær eftirfarandi:

- Markaðs- og þróunarsjóðurinn sem stofna á er afar mikilvægur. Drífandi telur einnig afar mikilvægt að stofnuð verði í sjávarbyggðunum nýsköpunar og rannsóknarfyrirtæki með aðkomu sjávarútvegsfyrirtækja, mennta- og rannsóknarstofnana til að þróa þær afurðir sem koma á land á stöðunum. Sjávarútvegsfyrirtækin gætu þá valið að koma að þessum verkefnum/fyrirtækjum gegn skattaafslætti eða að öðrum kosti greiða skattinn sem ætlaður er í þetta mál til ríkisins. Með þessu móti færu rannsóknirnar fram þar sem afurðirnar eru og verða til, samlegðaráhrif og peningasparnaður yrði mikill, menntun og þekking yrði til víða um land og stoðkerfi samfélaganna myndu eflast. Það yrði einnig til áþreifanlegur og fjárhagslegur hvati til að ná fram auknu verðmæti á staðnum.
- Opinber markmið frumvarpsins eru þau sömu og í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. En að auki boða það mikla tilfærslu á aflaheimildum. Ljóst er að brottflutningur aflaheimilda frá Vestmannaeyjum mun rýra kjör verkafólks þar og getur orðið til lækkunar fasteignaverðs auk annarra óæskilegra áhrifa. Það er afar ámælisvert að engin skoðun hafi farið fram í undirbúningi frumvarpsins hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á kjör almenns verkafólks í sterkum sjávarbyggðum, þar sem ljóst er að áhrifin munu koma hvað skýrast fram þar.
- Ljóst er að tilfærsla aflaheimilda á milli byggðalaga veikir það byggðalag sem fært er frá, lækkar heildarlaun þar og skapar láglæuna- og óhagkvæm störf annarsstaðar. Að framansögðu teljum við því betra heima setið en af stað farið, þar til athugun hefur farið fram

á heildaráhrifum frumvarpsins á lífskjör fólks á landsbyggðinni. Meðan svo er ekki gert þá er hreint ábyrgðarleysi að samþykkja það. Óréttlæti núverandi kerfis er slæmt en miklu verra er réttlætið sem boðað er með nýju kerfi.

- Margt fleira mætti telja til en stéttarfélagið er aðili að Starfsgreinasambandinu sem einnig sendir inn umsögn. Umsögn sem er í eðli sínu aðeins málamiðlun ólíkra skoðana. Við teljum óþarfa að tína upp úr henni og endurtaka það hér en hvetjum til að aðilar kynni sér þá umsögn.

**Vestmannaeyjum 21. febrúar 2013**

**F.h. Drífanda stéttarfélags**



**Arnar G. Hjaltalín**

**Formaður**